

málflutningslaun til skipaðs sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 15 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri lagaáðför.

Mánudaginn 15. marz 1915.

Nr. 52/1914

Einar Gunnarsson
gegn
Guðmundi Magnússyni

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði stefndi, Guðmundur skáld Magnússon, í héraði fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu dags. 23. máí f. á., gegn áfrýjanda, Einari Gunnarssyni fyrverandi ritstjóra, út af ummælum í blaðinu »Vísir« 18. marz f. á. er stefndi taldi meiðandi og móðgandi í sinn garð. Eru ummælin í grein með fyrirsögn: »Skíðamenn«. Var áfrýjandi þá útgefandi og ábyrgðarmaður téðs blaðs, en grein þessi er með gerfinafninu »Runólfur« undir, og ber áfrýjandi því ábyrgð á efni hennar. Í héraði var málið dæmt á bæjarþinginu 13. ágúst f. á. með þeim úrslitum, að nokkur hinna átöldu ummæla voru dæmd dauð og ómerk og áfrýjandi dæmdur í 25 kr. sekt fyrir þau, en til vara skyldi hann sæta 4 daga

einföldu fangelsi ef sektin yrði eigi öll greidd í tækan tíma. Svo var áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 25 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu útg. 30. des. f. á., og hefir hann gert þær kröfur, að dóminum verði breytt og hrundið þannig, að hann (áfrýjandi) verði sýknaður af kær-um og kröfum stefnda (stefnanda í héraði) í máli þessu og að stefndi verði dæmdur til þess að greiða málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Stefndi hefir krafist staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati yfirdómsins.

Ummæli þau, er mál þetta er af risið, eru þessi:

1. »Höfundurinn (stefndi), er hér að burðast með efni, sem hann hefir auðsjáanlega ekkert vit á, og annað verra, hann ræðst með heimsku og illgirnissetsökum á nýtt félag, sem stofnað er í bezta tilgangi«

2. »Staðlausar árásir sem þessar, ættu hvergi að koma fram án andmæla«

3. »Eg skal ekki fara mörgum orðum um grein-arármynd þessa, sem hlýtur að vekja viðbjóð allra góðra manna, en þess vil jeg geta, að árás þessi er því niðangurslegri þar sem hér er ráðist á útlendanmann«

4. »Hefði grein þessi verið eftir einhvern merkan mann, gat svo farið, að hún hefði getað fælt menn frá hinu nýja félagi og komið frömuði þess til að hætta að starfa fyrir svo vanþakklátt fólk, en bót er hér í máli, að höfundurinn er kunnur áður,

einmitt þannig, að greinin mun ekki verða skaðleg.
— En sama er hans fleiprið«.

Ummæli þau, sem í 1. og 2. lið greinir, taldú héraðsdómarinn ósaknæm eða nægilega réttlætt. Stefndi hefir eigi áfrýjað málinu, og verður því eigi talsmál um að breyta dóminum að því leyti. Koma því ummælin í 3. og 4. lið einungis til álita fyrir yfirdómi.

Veturinn 1913—1914 var stofnað hér í bænum félag eitt til að iðka skiðaferðir. Sýnist verzlunarstjóri einn útlendur hafa verið einn helzti forgöngumaður félagsskapar þessa. Um félag þetta ritaði stefndi grein, er birtist í blaði einu opinberu hér í bænum 14. marz f. á. Í grein þessari bar stefndi meðal annars brigður á það, að félagið mundi ná takmarki sínu eða stefna að því á heppilegan hátt. Farast honum meðal annars svo orð um félagsskap þennan, að honum (stefnda) þyki það sárast, »ef skiðaípróttin verður að eins að félagsskaparhégóma hér í Reykjavík, einskis verðu leikfélagi, orsök til monts og forðildar, tímaeyðslu og peningaeyðslu, en til einskis gagns, nafnið notað til yfirsýns fyrir dansskemtanir og sumarútreiðir«.

Áfrýjandi tjáir grein þá í »Visi«, sem mál þetta er risið út af, ritaða sem svar við nefndri grein stefnda. Telur áfrýjandi hin átöldu ummæli sumpart ósaknæm í sjálfu sér og sumpart réttmætt svar við ummælum stefnda í grein hans um skiðafélagið, enda séu þau algerlega átyllulaus og óréttmæt. En það verður þó eigi talið, að neitt það standi í margnefndri grein stefnda, er geti réttlætt meiðandi og móðgandi

ummæli í hans garð. Í »Vísis«-greininni er stefndi sakaður um það, að hann hafi unnið verk (o: ritað grein), er hljóti »að vekja viðbjóð allra góðra manna«, og að árás hans á skíðafélagið sé því »níðangurslegri«, sem hún sé gegn útlendum manni, en því er jafnframt bætt við, að höfundurinn (o: stefndi) sé kunnur áður einmitt á þann hátt, að grein hans muni eigi vera skaðleg, enda þótt hún hefði getað verið það, ef hún hefði verið eftir einhvern »merkari« mann. Og er með þessu dróttað að stefnda, að hann sé alment ómerkur orða sinna. Verður að telja þessi ummæli meiðandi og móðgandi í garð stefnda samkvæmt 219. gr. hegningarlaganna, og ber að dæma þau dauð og ómerk samkvæmt 220. gr. sömu laga. Svo getur áfrýjandi heldur eigi komist hjá því, að sæta sekt fyrir þau og til vara, ef sektin er eigi öll greidd í tæka tíð, einföldu fangelsi, og felst yfirdómurinn á ákvæði héraðsdómarans bæði um sektina og fangelsisvistina. Svo felst yfirdómurinn og á ákvæði bæjarþingsdómsins um málskostnað í héraði, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm í heild sinni.

Eftir þessum málsúrslitum getur áfrýjandi eigi komist hjá því, að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, og þykir hann hæfilega metinn 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdóminum skal vera óraskað. Áfrýjandi, Einar Gunnarsson, greiði stefnda, Guðmundi Magnússyni, málskostnað fyrir yfirdómi með 20

krónum. Dóminum ber að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 22. marz 1915.

Nr. 13/1915.

Réttvísinn

gegn

Júliusi Jónssyni.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 26. jan. þ. á., var ákærði í máli þessu, Július Jónsson, dæmdur samkvæmt 231. gr. alm. hegningarlaga í 8 mánaða betrunarhússvinnu fyrir innbrotspjófnað og til að greiða allan kostnað sakarinnar, að meðtöldum 12 kr. í málflutningslaun til verjanda, Sveins Björnssonar yfirréttarmálaflutningsmanns. Jafnframt var í dóminum ákveðið, að fullnustu téðrar refsingar skyldi frestað og refsing falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dómsins, samkvæmt lögum um skilorðsbundsbundna hegningardóma 16. nóv. 1907, 1. gr., ef þar greindum skilyrðum væri fullnægt. Dómi þessum er af hálfu réttvísinnar skotið til yfirdómsins.